

Valda rakaskemmdir í húsnæði sjúkdómum?

Málþing á Læknadögum



María I. Gunnbjörnsdóttir, Unnur Steina Björnsdóttir, Kristín Sigurðardóttir, Dóra Lúðvíksdóttir, Sigríður Ólína Haraldsdóttir

Undanfarin ár hefur orðið vitundarvakning varðandi neikvæð áhrif rakaskemmda í húsnæði á heilsu. Hér á landi hafa stórfyrirtæki og ríkisstofnanir ákveðið að flytja starfsemi sína annað vegna veikinda starfsfólks sem rakin eru til rakaskemmda í vinnuumhverfi.

Skjólstæðingar lækna spyrja núorðið oft um það hvort ýmisleg sjúkdómseinkenni séu vegna rakaskemmda heima fyrir, í skólu eða vinnuumhverfi og hafa margir þeirra hverjir leitað svara sjálfir á veraldarvefnum.

Einkenni tengjast mörgum sérgreinum

Einkenni þessa heilkennis eru mörg og mismunandi eftir einstaklingum, en við upptalningu þeirra er ljóst að þau tengjast nánast öllum sérgreinum læknisfræðinnar. Einkenni geta verið almenn, svo sem hrollur, flensulík einkenni, vöðvaslappleiki, verkir, sindrættir, útbrot, liðverkir og morgunstirðleiki, kulvísi, nætursviti, niðurgangur, kviðverkir, þorstlæti og minnkað þol. Öndunarfæraeinkenni eru meðal annars kinnholubólur, særindi í hálsi, hósti, berkjubólur, mæði og endurteknar sýkingar. Einkenni frá

taugakerfi koma fyrir og geta verið höfuðverkur, sjóntruflanir, skjálfti, einbeitingarskortur, skert skammtímaminni og svimi.

Spurningar vakna

Hvað er raunverulega um að vera? Hvað veldur? Af hverju virðist vera aukning í þessum veikindum? Er raunveruleg aukning - eða var fólk með einkenni áður sem var talið af öðrum orsökum? Ef það er raunveruleg aukning, af hverju stafar hún? Hvaða einkennum getur fólk fundið fyrir? Er hætt á varanlegu heilsutjóni? Hvernig væri best að greina, meta og meðhöndla þá sem veikjast? Hvernig væri hægt að koma í veg fyrir þessi veikindi? Af hverju verða sumir veikir og aðrir ekki? Tengjast þau genum og vefjaflokkum eins og svo margt annað? Er hægt að taka þessu heilkenni á léttvægan hátt eða ber að líta þetta alvarlegum augum vegna þess að hjá sumum gæti þetta valdið alvarlegum sjúkdómum?

Svara leitað

Undirritaðar hafa skipulagt málþing á Læknadögum fimmtudaginn 19. janúar 2017 í samstarfi við Félag ofnæmislækna og Félag lungnalækna og með stuðningi Læknafélags Íslands.

Í vor var heilt tölublað *The Journal of Allergy and Clinical Immunology* (2016; 4: 375-564) helgað áhrifum myglusveppa á heilsu. Robert Bush prófessor við Madison-háskólasjúkrahúsið í Wisconsin skrifaði leiðara í þetta tölublað og verður einn af ræðumönnunum á málþinginu. Keith Berndtson sérfræðingur í Lyme-sjúkdómi kemur frá Chicago og heldur fyrirlestur um CIRS (*chronic inflammatory response syndrome*) sem er heilkenni vegna rakaskemmda í húsum. Auk þessara erlendu fyrirlesara munu íslenskir sérfræðingar tala um áhrif umhverfis á öndunarfæri og hvaða hlutverki lungun gegna í almennri bólgusvörun. Læknar munu stíga fram og segja frá eigin reynslu af veikindum í kjölfar rakaskemmda í vinnuumhverfi. Leitast verður við að fá sjónarmið þeirra sem málið varðar og fá heildarmynd af umfangi þessa vanda á Íslandi.

Málþingið er allan daginn 19. janúar frá klukkan níu til fjögur. Málþinginu er ætlað að greina vandann hér á landi, lýsa einkennum og meðferð fyrir heilbrigðisstarfsfólki hér á landi og ekki síst að vekja umræður um hvernig hægt er að koma í veg fyrir heilsutjón af völdum rakaskemmda í húsnæði.